

## 5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

### **Áskorun um áhrif lengingar kennaranáms í fimm ár**

5. aðalfundur Félags grunnskólakennara 17.-18. maí 2011 skorar á kjararáð KÍ að skoða áhrif lengingar kennaramenntunar á kjaramál kennara og með hvaða hætti skuli leiðrétta kjör þess vegna og standa vörð um áunnin réttindi.

### *Greinargerð*

Við lengingu kennaranáms þurfa allir kennarar að ljúka 5 ára námi til kennsluréttinda. Ein helstu rök fyrir mismunandi grunnlaunaröðun kennara, hefur verið mismunandi námslengd til kennsluréttinda. Fundurinn telur kjararáð KÍ vera réttan vettvang til að leiða umræðu um sameiginlega stefnu aðildarfélaga sambandsins.